

KJARASAMNINGUR
milli
Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja
og
Samtaka atvinnulífsins

1. gr.

Aðfarasamningur

Kjarasamningar aðila framlengjast óbreyttir til 22. júní 2011. Við samþykkt samnings þessa greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 50.000, hverjum starfsmanni í fullu starfi sem er við störf í maí og miðast greiðslan við fullt starf í mánuðunum mars-máí. Starfsmenn sem létu af störfum í apríl fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í mars og apríl. Starfsmenn sem hófu störf í apríl eða fyrstu 16 dagana í maí og eru í starfi í maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í apríl og maí. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Greiðslan skal innt af hendi eigi síðar en 1. júní 2011.

2. gr.

Samningstími

Samningur þessi frá gildir frá 22. júní 2011 til loka janúar 2014. Taki kjarasamningar SA og aðildarsamtaka ASÍ, dags. 5. maí 2011, ekki gildi hinn 22. júní 2011 gildir samningurinn til 31. janúar 2012.

3. gr.

Eingreiðslur

Þann 1. júlí 2011 greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 10.000, og þann 1. desember 2011 kr. 15.000, nema samningurinn gildi til loka janúar 2012. Starfsmaður sem unnið hefur hluta úr ári eða er í hlutastarfi skal frá greitt hlutfallslega.

4. gr.

Samningsforsendur

Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum eða samningstíma á grundvelli forsenduákvæðis í kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASÍ, dags. 5. maí 2011, skal það sama gilda um samning pennan.

5. gr.

Hækkun mánaðarlauna

1.6. 2011: 4,25%.
1.2. 2012: 3,5%.
1.2. 2013: 3,25%.

6. gr.

Launatafla

Gildi samningur þessi til loka janúar 2014 fellur ákvæði um launatöflu A brott frá 1. janúar 2012 en í gildi verður launatafla 151 B skv. meðfylgjandi fylgiskjali.



7. gr.

Röðun starfsheita

Grein 1.5. orðist svo:

Lágmarkslaun starfsheita í launaflokka skulu vera sem hér segir:

- | | |
|-----|---|
| 121 | Nýliðar |
| 131 | Gjaldkerar og bankaritarar |
| 151 | Fulltrúar/ráðgjafar |
| 161 | Deildarstjórar/féhirðar |
| 171 | Þjónustu-/afgreiðslu- og skrifstofustjórar |
| 171 | Sérfræðingar |
| 191 | Útibússtjórar, forstöðumenn og embættismenn |

8. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Frá 1. febrúar 2012 tekur gildi ný grein 1.6 um desemberuppbót.

1.6.1 Desemberuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er sem hér segir:

Á árinu 2012 kr. 57.300.

Á árinu 2013 kr. 59.200.

Fullt ársstarf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof. Uppbótin greiðist eigi síðar en 15. desember ár hvert, miðað við starfshlutfall og starfstíma, öllum starfsmönnum sem verið hafa samfellt í starfi í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi fyrstu viku í desember.

Desemberuppbót innifelur orlof, er föst tala og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum.

Áunna desemberuppbót skal gera upp samhliða starfslokum verði þau fyrir gjalddaga uppbótarinnar.

Á árinu 2013 tekur gildi eftirfarandi viðbót við grein 1.6.

1.6.2 Orlofsuppbót

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsári (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2012 verði orlofsuppbót, sem greidd er 1. júní 2013, kr. 21.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013 verði orlofsuppbót kr. 21.600.

Fullt ársstarf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof. Uppbótin greiðist þann 1. júní miðað við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu, öllu starfsmönnum sem verið hafa samfellt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum m.v. 30. apríl eða eru í starfi fyrstu viku í maí.

Orlofsuppbót innifelur orlof, er föst tala og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum.

Áunna orlofsuppbót skal gera upp samhliða starfslokum verði þau fyrir gjalddaga uppbótarinnar.

9. gr.

Ný grein 1.7 tekur gildi frá 1. febrúar 2012.

Starfsmannaviðtöl

Starfsmaður á rétt á viðtali við yfirmann einu sinni á ári um störf sín og hugsanlega breytingu á starfskjörum. (Sjá meðfylgjandi bókun með leiðbeiningum um starfsmannaviðtöl). Óski starfsmaður eftir viðtali skal það veitt innan tveggja mánaða.

10. gr.

Orlofsframlag

Frá 1. febrúar 2012 fellur gr. 4.2.2 um orlofsframlag brott.

11. gr.

Eftirfarandi málsliður í gr. 6.2.4 fellur brott: „Réttur karls til greiðslu er bundinn því skilyrði að hann sé í hjúskap eða skráðri óvígðri sambúð með móður barnsins.“

12. gr.

Frá 1. júní 2011 kemur eftirfarandi kafli um slysa og líftryggingar í stað kafla 7 um tryggingar og andlát.

7. *Slysa- og líftryggingar*

7.1 **Slysatryggingar**

7.1.1 Skylt er atvinnurekanda að vátryggja launafólk það, sem samningur þessi tekur til, fyrir dauða og varanlegri læknisfræðilegri örorku af völdum slyss.

7.1.2 Vátryggingin gildir allan sólarhringinn.

7.1.3 Starfsmaður missir eigi rétt sinn til bóta samkvæmt þessari vátryggingu þó hann sé vátryggður annars staðar. Þó greiðast ekki bætur til starfsmanns úr vátryggingu þessari hafi fjármálfyrirtæki jafnframt keypt ferðaslysatryggingu sem starfsmaður fellur undir, enda veiti hún betri vernd en vátrygging þessi.

7.1.4 Vátryggingin greiðir ekki bætur vegna slyss, sem hlotist hefur af notkun skráningarskylda vélknúinna ökutækja og er bótaskyld skv. lögboðinni ökutækjatryggingu, hvort heldur ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda skv. umferðarlögum.

7.1.5 Vátryggingin tekur gildi gagnvart starfsmanni þegar hann hefur störf fyrir atvinnurekanda (fer á launaskrá) og fellur úr gildi þegar hann hættir störfum. Vátryggingin gildir einnig í launalausu leyfi nema starfsmaður taki á tímabilinu launað starf hjá öðrum aðila, þó aldrei lengur en í eitt ár frá því að launalausa leyfið hefst.

7.1.6 **Vísitala og vísítolutenging bóta**

Vátryggingafjárhæðir miðast við vísítolu neysluverðs fyrir apríl 2011 (374,1stig) og breytast 1. dag hvers mánaðar í réttu hlutfalli við breytingu vísítolunnar.

Bótafjárhæðir reiknast á grundvelli vátryggingarfjárhæða á slysdegi en breytast með vísítolu neysluverðs í réttu hlutfalli við breytingu vísítolunnar frá slysdegi til uppgjörsdags.

7.1.7 **Bætur vegna varanlegrar örorku**

Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli læknisfræðilegar afleiðingar slyss. Skal varanleg örorka metin til stiga samkvæmt töflu um miskastig, sem gefin er út af Örorkunefnd og skal matið miðast við heilsufar tjónþola eins og það er þegar það er orðið stöðugt.

Grunnfjárhæð örorkubóta er kr. 15.091.083. Bætur vegna varanlegrar örorku skulu reiknast þannig að fyrir hvert örorkustig frá 1-25 greiðast kr. 150.911, fyrir hvert örorkustig frá 26-50 greiðast kr. 301.822, fyrir hvert örorkustig frá 50-100 greiðast kr. 603.643. Bætur vegna 100% varanlegrar örorku eru því kr. 41.500.488.

Örorkubætur skulu jafnframt taka mið af aldri tjónþola á slysdegi þannig að bætur lækki um 2% fyrir hvert aldursár eftir 50 ára aldur. Eftir 70 ára aldur lækki bætur um 5% af grunnfjárhæð fyrir hvert aldursár. Aldurstenging örorkubóta skal þó aldrei leiða til meiri skerðingar en 90%.

7.1.8 **Dánarbaetur verða frá 1. júní 2011**

1) Ef hinn látni er ógiftur og lætur ekki eftir sig barn/börn og hefur ekki séð fyrir foreldri eða foreldrum 67 ára eða eldri, kr. 1.402.345

2) Ef hinn látni er ógiftur en lætur eftir sig barn/börn, kjörbörn eða fósturbörn undir 18 ára aldri, kr. 4.502.757. Sama bótaupphæð gildir hafi hinn látni sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum 67 ára eða eldri.

14/6/11

3) Ef hinn látni var í hjúskap skulu bætur til maka vera kr. 6.198.126. Hafi hinn látni verið í sambúð skal sambúðaraðili eiga rétt til bóta eins og um hjúskap væri að ræða, enda hafi sambúðaraðili sannanlega haldið heimili með hinum látna um árabil, þó eigi skemur en tveimur árum fyrir andlát hans.

4) Ef hinn látni lætur eftir sig barn/börn/kjörbörn/fósturbörn innan 18 ára aldurs, fyrir hvert barn 2.061.725. Sama rétt til bóta hefur barn (kjörbarn/fósturbarn) hins látna á aldrinum 18-25 ára er stundar nám á framhalds- eða háskólastigi í a.m.k. 6 mánuði ársins. Einnig hafa sama bótarátt barn (börn/kjörbörn/fósturbörn) hans á aldrinum 18-25 ára sem eiga við mikil og langvarandi veikindi að stríða, eru öryrkjar, fötluð eða þroskaheft. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda hvort sem hinn látni var í hjúskap eða óvígðri sambúð.

Bætur greiðast aðeins samkvæmt einum af töluliðum nr. 1,2 og 3. Til viðbótar töluliðum nr. 2 og 3 geta komið bætur skv. tölulið 4.

Réttthafar til bóta eru lögerfingjar (sjá grein 7.2.4)

7.2 Líftrygging

7.2.1 Frá og með fastráðningu skulu starfsmenn njóta hóplíftryggingaverndar, þar sem fyrirtækið greiðir iðgjald fyrir félagsmenn SSF.

7.2.2 Tryggingarfjárhæðir eru hinar sömu og um getur í grein 7.1.8 og skulu endurskoðaðar tvísvar á ári.

Líftryggingarfjárhæðir þeirra sem eru eldri en 50 ára lækka þó um 4% af grunntryggingarfjárhæðum fyrir hvert aldursár umfram 50 ár.

7.2.3 Valdi slys dauða vátryggðs innan þriggja ára frá slysdegi, greiðast réttthafa bætur úr líftryggingu að frádregnum þegar útgreiddum bótum fyrir varanlega læknisfræðilega örorku vegna sama slyss.

7.2.4 Um rétt til greiðslu vátryggingarfjárhæðarinnar fer samkvæmt reglum XV. kafla laga nr. 30/2004. Hafi vátryggingartaki/vátryggður ekki ráðstafað réttindum samkvæmt vátryggingarsamningi með tilnefningu réttthafa, framsali eða veðsetningu gilda reglur 100. gr. laga nr. 30/2004. Rennur vátryggingarfjárhæðin þá til maka vátryggðs. Láti vátryggður ekki eftir sig maka fellur vátryggingarfjárhæðin til erfingja vátryggðs samkvæmt lögum eða erfðaskrá.

Óski vátryggingartaki eftir því að vátryggingarfjárhæðin verði greidd til tiltekinna nafngreindra einstaklinga eða annarra réttthafa, er nauðsynlegt að semja um slíkt við það vátryggingafélag sem fjármálaþyrtæki hefur samið við.

7.2.5 Ákvæði um vísítolutengingu bóta eru hinar sömu og gilda um slysatryggingu starfsmanna skv. kafla 7.1.5

7.2.6 Vátryggingavernd fellur niður þegar starfsmaður hættir störfum hjá vátryggingataku, þó aldrei síðar en þegar starfsmaður nær 65 ára aldri. Tryggingin gildir einnig í launalausu leyfi nema starfsmaður taki á tímabilinu launað starf hjá öðrum aðila, þó aldrei lengur en í eitt ár frá því að launalausa leyfið hefst.

7.2.7 Við starfslok skal starfsmanni bjóðast sams konar líftrygging af hálfu þess vátryggingafélags sem fjármálaþyrtæki hefur samið við, án nýrra heilsufarsupplýsinga, skv. gjaldskrá vátryggingafélagsins fyrir einstaklingsbundnar líftryggingar. Hámark líftryggingarfjárhæðar í framhaldstryggingu er 5.154.312 kr. (m.v. vísítolu neysluverðs í apríl 2011, 374,1 stig). Skal starfsmaður tilkynna vátryggingafélagi um að hann óski eftir framhaldstryggingu innan þriggja mánaða frá starfslokum, að þeim tíma liðnum fellur réttur til framhaldstryggingar niður. Réttur til framhaldstryggingar fellur enn fremur niður ef starfsmaður nýtur sambærilegrar hóplíftryggingar hjá nýjum vinnumeitanda.

7.2.8 Óheimilt er að framselja, veðsetja eða ráðstafa með öðrum hætti réttindum sem hóplíftryggingin veitir. Falli líftryggingin úr gildi af öðrum orsókum en dauða, er verðmæti hennar ekkert.

7.3 Greiðsla við andlát

7.3.1 Við andlát fastráðins starfsmanns skal fjármálafyrirtæki greiða erfingjum hans sem svarar 4 mánaða launum hins látna, talið frá næstu mánaðamótum eftir andlátið.

7.4. Ferðatryggingar

7.4.1 Veikist starfsmaður eða deyi á ferðalagi á vegum fjármálafyrirtækis greiðir fjármálafyrirtækið þann beina kostnað sem af því hlýst.

7.4.2 Týnist farangur starfsmanns eða honum er stolið á ferðalagi á vegum fjármálafyrirtækis skal það bæta tjónið.

7.4.3 Greiði fjármálafyrirtæki starfsmanni bætur skv. grein 7.4.1 eða 7.4.2, gengur það inn í rétt starfsmanns til bóta úr þeim ferðatryggingum sem starfsmaður getur gert kröfu um.

7.5 Persónulegir munir

7.5.1 Verði starfsmaður fyrir tjóni á fötum eða persónulegum munum sínum við vinnu sína eða á ferðalögum á vegum fjármálafyrirtækis, skal fjármálafyrirtæki bæta tjónið að fullu svo fremi að ekki sé um að kenna augljósu gáleysi starfsmanns.

7.6 Vátryggingaskylda

7.6.1 Atvinnurekanda ber að kaupa slysa- og líftryggingu skv. gr. 7.1 og 7.2 hjá vátryggingafélagi með starfsleyfi hér á landi sem fullnægir ofangreindum skilyrðum kjarasamningsins um vátryggingar.

7.6.2 Að öðru leyti en tiltekið er í þessum kafla samningsins skulu gilda um vátryggingarnar skilmálar viðkomandi vátryggingafélags og ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

7.6.3 Ofangreind ákvæði um slysa- og líftryggingar og nýjar bótafjárhæðir taka til slysa sem verða eftir 1. júní 2011.

13. gr.

Grein 11.1.1 orðist svo:

Nýtt starf eða starf sem losnar skal auglýsa laust til umsóknar með tveggja vikna fyrirvara í viðkomandi fyrirtæki. Umsóknarfrestur getur þó verið styttri að höfðu samráði við formann starfsmannafélags. Í auglýsingu skal þess getið hvaða starfsheiti skv. grein 1.5 hið auglýsta starf tilheyrir. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um störf nýliða, bankaritara, varða, gjaldkera og aðstoðarfulltrúa.

Grein 11.1.2 fellur brott.

14. gr.

Afgreiðsla kjarasamnings

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 25. maí.

Reykjavík 16. maí 2011

F.h. Samninganefndar SSF

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Fríður Fransdóttir
Anna Kora Þautóðóttir
Andrés E. Ólafsson

Hannes G. Sigurðsson
Hólmur Þorsteinsson
Jóhanna Þóra Ólafsson
Herran Þóra
Baldur Þórðarson

Bókun

Fylgiskjal vegna starfsmannaviðtala

Í grein 1.7 í kjarasamningnum er kveðið á um að starfsmaður eigi rétt á viðtali við yfirmann einu sinni á ári um störf sín og hugsanlega breytingu á starfskjörum. Samningsaðilar leggja áherslu á að sá réttur sé virtur.

Markmiðið með starfsmannaviðtali er að bæði yfirmaður og starfsmaður geti tjáð sig um starfið og tengd mál. Til að starfsmannaviðtalið verði sem gagnlegast er æskilegt að aðilar ræði þau málefni sem snúa að starfi starfsmanns, t.d. eftirfarandi umræðuefní:

- Helstu verkefni í starfinu.
- Starfið sjálft og vinnuálag. Þekking starfsmannsins, fjöldi verkefna, verkefnastjórnun og ánægja í starfi.
- Starfsumhverfi. Starfsskilyrði og vinnuaðstaða.
- Samskipti. Við vinnufélaga, viðskiptavini og stjórmendur. Upplýsingaflæði. Starfsandinn á vinnustaðnum og endurgjöf næsta yfirmanns til starfsmanns.
- Starfsþróun og markmið. Núverandi starfssvið, námskeið og markmið til t.d. 12 mánaða.
- Önnur starfskjör.

Bókun

Samkomulag um lífeyrismál starfsmanna Íslandsbanka og dótturfélaga hans fellur brott.

Fylgiskjöl

Launatöflur 151 A og 151 B frá 1. júní 2011

Launatafla 152 frá 1. febrúar 2012



Launatafla SSF og SA númer 151 A

Gildir frá 1.6. 2011

Breyting frá síðustu töflu: 4,25% hækkun

Lfl.	Grunnlaun	Eftir 3 ár	Eftir 5 ár	Eftir 7 ár	Eftir 9 ár	E. 12 ár	E. 15 ár
101	170.710	175.437	178.982	183.709	187.254	189.617	190.799
102	174.580	179.462	183.123	188.005	191.666	194.107	195.327
103	178.698	183.744	187.529	192.576	196.360	198.883	200.145
111	182.984	188.202	192.115	197.333	201.246	203.855	205.159
112	187.418	192.813	196.859	202.254	206.301	208.998	210.347
113	192.006	197.585	201.769	207.348	211.532	214.321	215.716
121	196.744	202.512	206.838	212.606	216.932	219.817	221.259
122	201.650	207.615	212.088	218.053	222.526	225.508	226.999
123	206.721	212.888	217.513	223.681	228.306	231.390	232.932
131	211.961	218.338	223.121	229.497	234.280	237.469	239.063
132	217.380	223.974	228.919	235.513	240.458	243.755	245.403
133	222.985	229.803	234.917	241.734	246.848	250.257	251.961
141	228.780	235.830	241.117	248.167	253.454	256.979	258.741
142	234.774	242.064	247.531	254.820	260.287	263.932	265.754
143	240.970	248.508	254.161	261.698	267.351	271.119	273.004
151	247.376	255.170	261.015	268.808	274.654	278.550	280.499
152	254.000	262.058	268.102	276.161	282.205	286.234	288.248
153	260.846	269.178	275.427	283.760	290.009	294.175	296.258
161	267.930	276.546	283.008	291.623	298.085	302.393	304.547
162	275.253	284.162	290.843	299.752	306.433	310.887	313.115
163	282.829	292.041	298.950	308.161	315.070	319.676	321.979
171	290.659	300.184	307.328	316.853	323.996	328.759	331.140
172	298.755	308.603	315.990	325.838	333.225	338.149	340.611
173	307.125	317.309	324.946	335.130	342.767	347.859	350.405
181	315.781	326.310	334.208	344.737	352.635	357.899	360.532
182	324.735	335.622	343.788	354.676	362.842	368.286	371.008
183	333.988	345.246	353.689	364.947	373.391	379.020	381.834
191	343.556	355.197	363.927	375.568	384.298	390.119	393.029
192	353.449	365.485	374.512	386.549	395.576	401.594	404.603
193	363.680	376.125	385.460	397.905	407.240	413.462	416.574
201	374.260	387.129	396.780	409.649	419.301	425.735	428.953
202	385.198	398.505	408.484	421.791	431.770	438.424	441.750
203	396.509	410.267	420.587	434.345	444.664	451.544	454.983



Launatafla SSF og SA númer 151 B

Gildir frá 1.6. 2011

Breyting frá síðustu töflu: 4,25% hækkun

Lfl.	Grunnlaun	Eftir 3 ár	Eftir 5 ár	Eftir 7 ár	Eftir 9 ár	Eftir 12 ár	Eftir 15 ár
101	196.056	186.557	205.018	210.139	213.979	216.539	217.819
102	200.249	205.538	209.504	214.793	218.759	221.403	222.725
103	204.710	210.176	214.277	219.744	223.844	226.577	227.944
111	209.353	215.006	219.245	224.898	229.137	231.963	233.376
112	214.157	220.001	224.384	230.229	234.613	237.535	238.996
113	219.127	225.171	229.704	235.747	240.280	243.302	244.813
121	224.260	230.508	235.195	241.444	246.130	249.256	250.818
122	229.575	236.037	240.882	247.345	252.190	255.421	257.036
123	235.068	241.749	246.760	253.442	258.452	261.793	263.463
131	240.745	247.653	252.835	259.742	264.924	268.379	270.105
132	246.615	253.759	259.116	266.260	271.617	275.188	276.974
133	252.688	260.074	265.614	272.999	278.539	282.232	284.078
141	258.965	266.603	272.331	279.968	285.696	289.514	291.423
142	265.459	273.356	279.279	287.175	293.098	297.047	299.021
143	272.171	280.337	286.462	294.627	300.751	304.833	306.875
151	279.111	287.555	293.887	302.329	308.662	312.883	314.994
152	286.287	295.017	301.564	310.295	316.843	321.207	323.389
153	293.704	302.730	309.500	318.527	325.297	329.810	332.067
161	301.378	310.712	317.712	327.045	334.046	338.713	341.046
162	309.311	318.963	326.200	335.852	343.090	347.915	350.328
163	317.519	327.498	334.983	344.962	352.446	357.436	359.931
171	326.001	336.320	344.059	354.378	362.116	367.276	369.855
172	334.772	345.440	353.443	364.112	372.114	377.449	380.116
173	343.839	354.872	363.145	374.178	382.451	387.968	390.726
181	353.217	364.623	373.179	384.586	393.142	398.844	401.697
182	362.917	374.711	383.557	395.353	404.199	410.097	413.046
183	372.941	385.137	394.284	406.480	415.627	421.725	424.774
191	383.306	395.917	405.375	417.986	427.443	433.749	436.902
192	394.024	407.063	416.842	429.882	439.661	446.181	449.440
193	405.107	418.589	428.702	442.184	452.297	459.038	462.409
201	416.569	430.510	440.965	454.907	465.363	472.333	475.820
202	428.418	442.834	453.645	468.061	478.871	486.080	489.683
203	440.672	455.576	466.756	481.661	492.840	500.293	504.019



Launatafla SSF og SA númer 152

Gildir frá 1. febrúar 2012

Breyting frá síðustu töflu: 3,5% hækjun. A-tafla fellur brott

Lfl.	Grunnlaun	Eftir 3 ár	Eftir 5 ár	Eftir 7 ár	Eftir 9 ár	Eftir 12 ár	Eftir 15 ár
101	202.918	193.087	212.193	217.493	221.468	224.118	225.443
102	207.257	212.731	216.836	222.310	226.415	229.152	230.520
103	211.875	217.533	221.777	227.435	231.678	234.507	235.922
111	216.680	222.531	226.919	232.769	237.157	240.082	241.544
112	221.652	227.701	232.238	238.287	242.825	245.849	247.361
113	226.796	233.052	237.743	243.999	248.690	251.817	253.381
121	232.109	238.576	243.427	249.894	254.745	257.979	259.596
122	237.610	244.298	249.313	256.002	261.017	264.360	266.032
123	243.296	250.210	255.396	262.312	267.498	270.956	272.685
131	249.171	256.321	261.684	268.833	274.196	277.772	279.559
132	255.247	262.640	268.185	275.579	281.123	284.820	286.668
133	261.532	269.176	274.910	282.554	288.288	292.110	294.021
141	268.029	275.934	281.862	289.767	295.695	299.647	301.623
142	274.750	282.924	289.054	297.227	303.356	307.443	309.486
143	281.697	290.149	296.488	304.939	311.277	315.502	317.615
151	288.880	297.619	304.173	312.911	319.465	323.834	326.019
152	296.307	305.342	312.119	321.155	327.932	332.450	334.708
153	303.983	313.325	320.332	329.676	336.682	341.353	343.689
161	311.926	321.587	328.832	338.492	345.737	350.568	352.983
162	320.137	330.126	337.617	347.607	355.098	360.092	362.590
163	328.632	338.961	346.707	357.035	364.782	369.946	372.529
171	337.411	348.091	356.101	366.781	374.790	380.131	382.800
172	346.489	357.531	365.813	376.855	385.138	390.659	393.420
173	355.874	367.292	375.855	387.274	395.837	401.547	404.401
181	365.579	377.385	386.240	398.046	406.902	412.804	415.756
182	375.619	387.826	396.982	409.190	418.346	424.450	427.502
183	385.994	398.617	408.083	420.706	430.174	436.486	439.641
191	396.722	409.774	419.563	432.615	442.404	448.931	452.193
192	407.814	421.310	431.431	444.928	455.049	461.797	465.171
193	419.286	433.240	443.707	457.661	468.127	475.104	478.593
201	431.149	445.578	456.399	470.829	481.651	488.865	492.473
202	443.413	458.333	469.522	484.443	495.632	503.093	506.822
203	456.095	471.522	483.093	498.519	510.089	517.803	521.659

ABSF